

RAFORKUMÁLASTJÓRI

ENDURSKOÐUN
á raforkuneyzluþá fyrir Suðvesturland fram til 1970

eftir

Egil Skúla Ingibergsson

og

Jakob Björnsson

Endurskoðuð raforkuneyzluspa fyrir
Suðvesturland
1955-1970

Inngangur

Eiríkur Briem, rafmagnsveitustjóri ræddi við annan okkar undirritaðra (J.Bj.) í júníbyrjun um raforkuneyzlu-
spá þá fyrir Suðvesturland, sem við gerðum á s.l. vetri.
Taldi hann æskilegt, að raforkunotkun væri skipt í eftir-
talda flokka:

1. Almenna heimilisnotkun og lýsingu utan heimila o.fl.
þ.e. notkun, sem reikna má proportionala við mann-
fjölda.
2. Húshitun
3. Fisk^kiðnað
4. Elektrokemisk^a og elektrometallur^gískan iðnað
("stóriðnað")
5. Annan iðnað
6. Notkun raforku í landbúnaði

Í spánni yrði að hafa eftirfarandi atriði um hina einstöku liði í huga:

1. Verður eingöngu spá byggð á statistiskum upplýsingum um fólksfjölgun og orkunotku undanfarinna ára,
2. er program, þannig að húshitun með rafmagni, þar sem búast má við hitaveitu, verður engin. Í sveitum verði gert ráð fyrir allt að fullri húshitun með rafmagni,
3. orkunotkun fiskiðnaðar yrði miðuð við vinnslu, byggt á reynslutölum frá frystihúsum,
4. er stefnuatriði og verður ekki tekið til meðferðar hér,
5. notkun annars iðnaðar yrði að áætla,
6. notkun raforku í landbúnaði er bæði stefnuatriði og spádómur.

Í samræmi við þetta höfum við tekið raforkuneyzlu-
spá okkar til nýrrar athugunar, og m.a. sundurliðað raforku-
notkunina nokkru nánar, en áður var gert. Þessi sundurliðun
er sýnd í töflum I.- XII. inKl.

Almennt um aðferðir við raforkuneyzluþá

Samkv. Edy Vilander, professor má rita heildarnotkun
raforku þannig:

$$C = \sum N_v \cdot P_v(t) \cdot C_v(t) \cdot i_v$$

þar sem

C er heildarnotkun raforku.

v táknar notkunarsvið raforkunnar (alm. heimilisnotkun,
etc).

N mesti hugsanlegi fjöldi svonefndra "neyzlueininga"
(Consumption units) við tímann.

P þátttökustuðull, þ.e. hve mikill hluti N notar raf-
orku.

C_v meðalorkunotkun pr. neyzlueiningu. ⁱ "intensitetsstuðull"
sem er óljóst skilgreindur. Hann er einskonar mæli-
kvarði á það stig, sem tækniþróunin stendur á og á
"lífsstandardinn" almennt.

Stundum er $C(t)$ skrifað sem $C_0 \varphi(t)$ þar sem C_0 þýðir
hæsta hugsanlegu raforkunotkun pr. neyzlueiningu og tekið er
tillit til þróunar notkunarinnar með stuðlinum $\varphi(t)$, sem
þá liggur á bilinu frá 0 til 1.

Sem neyzlueiningu má nota margt, t.d. 1 íbúa eða 1 m²
gólfflatar fyrir almenna heimilisnotkun, 1 ha ræktaðs lands,
1 grip í fjósi, 1 heyhest fyrir landbúnaðarnotkun, eina fram-
leiðslueiningu í ýmsum iðngreinum, svo sem tonn af mjöli,
sementi, fiskflökum o.s.frv. Ennfremur vinnustundir í vissum
atvinnugreinum o.fl.

Frumskilyrði þess, að hafa megi not af þessari formúlu
er, að fyrir liggi statistik er geri mögulegt að reikna stærðina
C eða C_0 . Hér á landi vantar mikið á að svo sé, (sæmilegar
upplýsingar eru að vísu til um almenna heimilisnotkun raforku)
og getum við því ekki notað þessa aðferð nema að litlu leyti.

1. Almenn heimilisnotkun og lýsing

Sem neytlueining er hér notaður 1 íbúi. Þátttökustuðullinn $P(t)$ er settur 100% fyrir kaupstaði og kauptún, en sveitirnar eru athugaðar sérstaklega. Stærðin $C(t)$ er sýnd á línuritum I og II. Áætlun um þessa stærð svona langt fram í tímann hlýtur að vera afar óviss. Þótti okkur því ekki ástæða til að áætla "intensitetsstuðullinn" í sérstaklega, heldur má líta á línuritin I & II sem línurit yfir stærðina $i \cdot C(t)$.

Suðvesturlandi er hér skipt í eftirtalin svæði, og er notkun hvers þeirra áætluð fyrir sig:

- a) Orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Rafveitu Hafnarfjarðar
- b) Kaupún á Reykjanesskaga
- c) Kaupún austanfjalls (Hveragerði, Selfoss, Eyrarbakki, Stokkseyri, Hella og Vík í Mýrdal)
- d) Vestmannaeyjar
- e) Kaupún á Snæfellsnesi

Sveitirnar eru athugaðar sérstaklega, bæði að því er varðar almenna heimilisnotkun og aðra notkunarflokkka.

Á línuriti III er sýnt, hver fólksfjölgun hefur verið á svæðum þeim sem nefnd eru hér að framan frá 1935-1955. Með hliðsjón af fólksfjölguninni á öllu landinu undanfarin ár höfum við framlengt mannfjöldalínuritit fram til 1970. Fólksfjölgun á landinu sem heild hefur verið 1.25-2% á ári undanfarin ár. Reynsla undanfarinna ára gefur tilefni til að reikna með nokkru örari fjölgun fólksins á svæði því er hér um ræðir, og gerum við ráð fyrir 1.5-3% (1.5% í Vestmannaeyjum, 2% á Snæfellsnesi, annars 3%). Að sjálf-sögðu er hér ekki um neina eiginlega mannfjöldaspá að ræða, enda verður hún ekki gerð fyrir svo langan tíma með neinu öryggi.

Í töflu XIII á niðurstaða notkunarspárinnar sýnd. Sést þar, að gert er ráð fyrir að raforka til almennra heimilisnota og lýsingar aukist úr 75 GWh árið 1955 í 134 GWh árið 1970, eða að meðaltali um 4% á ári, en það svarar til tvöföldunar á ca 18 árum.

2. Húshitun

Svo sem tekið var fram í innganginum er hér um stefnumál að ræða. Ef slík stefna ætti að hvíla á sæmilega traustum grunni, þyrftu menn að hafa gert sér grein fyrir hinni þjóðhagslega hagkvæmustu skiptingu húshitunar á raforku, jarðhita og innflutt eldsneyti, en þetta eru þeir þrír orkugjafar, sem til greina koma hér á landi. Í rauninni má þó bæta fjórðu breytistærðinni við, sem líta má á sem orkugjafa í þessu sambandi, en það er einangrun húsa. Það er hinsvegar langt frá því að slíkur traustur grundvöllur sé til, og yfirleitt virðast öll þessi húshitunarmál vera í lausu lofti hér á landi. Jafnvel á hitaveitustæðinu í Reykjavík virðast aldrei hafa verið framkvæmd mæling á varmaþörf íbúðarhúsa, og ekki gat Hitaveitan upplýst hve mikið húsnæði hún hitar í Reykjavík, og enn síður aðgreint það húsnæði í íbúðarhúsnæði og húsnæði til annarra nota. Áætlun mun að vísu hafa verið gerð um hitaveitu fyrir alla Reykjavík, en Hitaveitustjóri kvaðst ekki geta gefið undirrituðum færi á að sjá þá áætlun.

Sökum þess, hve mörg atriði eru enn óljós í sambandi við húshitun er útilokað að byggja spádóm um raforkunotkun til húshitunar á aðferð Velanders.

Til þess þó að gera málinu einhver skil, var sú leið valin, að styðjast að nokkru við ágizkun Glúms Björnssonar, hagfræðings, um orkunotkun á Íslandi árið 2000. (Ársskýrsla SÍR 1953). Glúmur gerir ráð fyrir að á því ári verði ekkert eldsneyti notað til húshitunar. Án þess að geta um það fullyrt, viljum við gera ráð fyrir, að ekki borgi sig að útrýma notkun eldsneytis til fulls. Ennfremur viljum við gera ráð fyrir, að jarðhiti verði hagkvæmasta orkulindin þar sem þéttbýli er nægilegt, til þess að hitaveita borgi sig, og jarðhitasvæðin liggja ekki of langt í burtu. En hve þétt byggðin þarf að vera og hve langt frá jarðhitasvæðinu mega liggja til þess að upphitun með jarðhita sé hagkvæm er sú spurning, sem nauðsynlegt er að fá svarað til þess að hægt sé að gera sér einhverja grein fyrir því, hvernig fullnægja skuli hitunarþörf íbúanna á Suðvesturlandi á næstu árum. Þessari spurningu er alls ekki hægt að svara enn sem komið er,

Í ritgerð sinni "Laugahitun og rafhitun" telur Gunnar Böðvarsson, verkfræðingur, að hitunarþörf íbúðarhúsnæðis, miðað við nútíma kröfur, sé ~~3,7~~^{3,7}-6,0 Mkkal/íbúa, ár, eftir því hvort einangrun er góð eða léleg,

gluggar einfaldir eða tvöfaldir o.s.frv. Þetta gerir 4300-7000 kWh/íbúa ~~og~~ ár. Gera má ráð fyrir að kröfur til húshitunar aukist, svo að þess vegna má reikna með hærri tölum árið 2000, en á móti því vegur, að einangrun húsa mun batna. Skal ekki frekar orðlengt um þetta, en reiknað með, að orkuþörf til húshitunar verði 6000-7000 kWh/íbúa, ár, og er þá tekið tillit til upphitaðs húsnæðis til annarra nota en íbúðar. Íbúar á Íslandi árið 2000 verða væntanlega 300-400 þús. Varmaþörf til húshitunar á öllu landinu því 1800-2800 GWh/ári.

Nú má gera ráð fyrir, að á Suðvesturlandi búi 75-80% þjóðarinnar árið 2000 (1954 bjuggu þar 72%), svo að varmaþörfin á því svæði yrði 1300/2200 GWh/ári.

Gert skal ráð fyrir, að hitaveita verði komin til flestra íbúanna á svæðinu Hafnarfjörður-Reykjavík, og ef til vill til fleiri staða, og er gizkað á, að íbúar á hitaveitusvæðum verði 70-80% íbúa alls Suðvesturlands. Jarðhitinn myndi því sjá fyrir 900-1800 GWh/ári. Eftir eru þá 400 GWh/ári, sem skiptast milli raforku og eldsneytis, og af þeim er gert ráð fyrir að 300 komi á raforku, en 100 á eldsneyti. Línurit IV sýnir hugsanlega þróun þessara mála í framtíðinni. Ólíklegt er þó í hæsta máta að aukning jarðhitanoðtkunar verði eins regluleg og þar er sýnt; miklu sennilegra að hún aukist í stökkum. En þeim stökkum kynnu að mótsvara önnur stökk í eldsneytisnotkuninni, þannig, að vöxtur raforkunoðtkunnarinnar yrði tiltölulega jafn, og er ekki um annað að ræða hér en að gera ráð fyrir því.

Tafla XIV sýnir hina áætluðu raforkunoðkun til húshitunar fram til 1970.

Til samanburðar eru eftirtaldar tölur frá 1951 (að nokkru áætlaðar). Orka til húshitunar var það ár sem hér segir:

<u>Allt landið:</u>	Raforka	50 GWh
	Jarðhiti	250 "
	Eldsneyti	350 "
	Samtals	650 GWh
<u>Suðvesturland:</u>	Raforka	30 GWh
	Jarðhiti	220 "
	Eldsneyti	200 "
	Samtals	450 GWh

3. Fiskiðnaður

Það sem hér verður talið til fiskiðnaðar, en frystihús og fiskimjölsverksmiðjur. Raforkunotkun annarra iðngreina er vinna úr fiski, svo sem þurrkunarhúsa, er fremur lítil nú. Hversu þessu verður háttað í framtíðinni verður ekki sagt um. Hugsanleg er hitun þurrkhúsa með rafmagni, en ætla má, að annars konar hitun muni reynast ódýrari, svo að ekki verður reiknað með hitun með rafmagni hér.

Í viðbæti I hér að aftan er að finna upplýsingar um raforkunotkun frystihúsa og fiskimjölsverksmiðja á Suðvesturlandi undanfarin 3 ár. Er þar gerð grein fyrir hvernig þær upplýsingar eru fengnar og hvernig unnið var úr þeim. Niðurstaðan varð, að raforkunotkun eins frystihúss mætti skrifa

$$Y = 178,66 + 0,1374 \cdot x_1 \text{ MWh,}$$

þar sem x_1 er vinnsla frystihússins í tonnum. Notkunin pr. neytlueiningu er því

$$Y/x_1 = 178,66/x_1 + 0,1374 \text{ MWh/tonn.}$$

Til þess að fá fram heildarnotkunina, þarf því að áætla fjölda frystihúsa og heildarvinnslu þeirra.

Sem stendur eru 36 fiskfrystihús á svæði því, sem hér um ræðir. Af þeim eru 30 með, eða eru í þann veginn að fá rafmagn. Það eru aðeins frystihús í Vestmannaeyjum og Stykkishólmi, sem ekki nota rafmagn frá almenningsrafstöðvum. Gera má ráð fyrir, að þau eigi öll kost á rafmagni 1960, og við gerum ráð fyrir, að þau taki það.

Um nýbyggingar frystihúsa höfum við rætt við þá verkfræðingana Gísla Hermannsson hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Pál Lúðvíksson hjá SIS. Samkvæmt þeirra upplýsingum eru 2 frystihús í byggingu eða í undirbúningi og miklar líkur á einu í viðbót, á næstu árum. Um frystihúsabyggingar lengra fram í tímann vildu þeir ekkert segja; það færi eftir markaðshorfum fyrir frystan fisk í samanburði við markaðshorfur fyrir aðrar fiskafurðir, svo sem ísfisk, saltfisk og skreið.

Árið 1955 svaraði vinnsla frystihúsanna á Suðvesturlandi til um 700 stunda starfrækslu með fullum afköstum að meðaltali, eða

frá ca 400 stundum upp í ca 1200 stundir. Er því ljóst, að afkastageta frystihúsanna er mjög illa nýtt. Sumpart stafar þetta af því, að fiskveiðar bátaflotans eru mjög bundnar við stuttan tíma úr árinu, vetrarvertíðina, en sumpart af öðrum orsökum, svo sem ónógum skipastóli, manneklu á skipunum o. fl. Afar erfitt er að spá um vinnslu frystihúsanna fram í tímann; það fer m.a. eftir markaðshorfum fyrir frystan fisk, skipastól þeim, einkum togurum, sem fyrir hendi er á hverjum tíma, og loks eftir aflabrogðum. Sem stendur munu vera góðar markaðshorfur fyrir frystan fisk og ráðgerð er allmikil aukning togaraflotans, en ætla má, að mikill hluti hinna nýju togara muni leggja upp utan þessa svæðis (ríkisútgerð togara til atvinnujöfnunar; jafnvægi í byggð landsins).

Er því ljóst, að spádómur um raforkunotkun frystihúsa hlýtur að verða mjög lauslegur. Hér verður gengið út frá eftirfarandi:

- 1) Nýting afkastagetu frystihúsanna fari batnandi. Meðalvinnsla á frystihús 1955 var 940 tonn. Við gerum ráð fyrir, að 1970 hafi þetta aukizt um 50 o/o.
- 2) Við reiknum með óbreyttri raforkunotkun á frystihús og unnið tonn. Að vísu má gera ráð fyrir aukinni vélvæðingu frystihúsa (flökunarvélar o. fl), en á móti því vegur, að nú eru mörg frystihús lélega einangruð, ~~en~~ ^{en} ástæða er til að reikna með að einangrun verði bæt nokkuð og einkum að ný frystihús verði betur einangruð en nú er algengt.
- 3) Við sum frystihúsin í Reykjavík er nú nokkur ísvinnsla. Orkunotkun hennar vegna verður ekki aðgreind frá annarri orkunotkun frystihúsanna, en sérfræðingar telja, að orkunotkun á tonn af ís sé svipuð og á tonn af fiski, ef til vill heldur minni. Magn ísframleiðslunnar fer fyrst og fremst eftir þörfum togaranna. Engin leið er að spá nánar um þá þörf, en til þess að gera málinu einhver skil, bætum við 20 o/o við þá raforkunotkun, sem þyrfti vegna fiskvinnslunnar. Einnig geyma sum frystihúsanna nokkuð af kjöti og öðrum matvörum til neyzlu innanlands. Orkunotkun vegna þeirrar geymslu getur talizt meðreiknuð í áður nefndum 20 o/o.

Orkunotkun fiskimjölsverksmiðja reyndist 60-130 kWh/tonn, mjöl; vegið meðaltal 94 kWh á tonn (viðb. I). Reiknað verður með óbreyttri notkun á tonn af mjöli fram til 1970 og hún sett 100 kWh/tonn. Um aukningu í framleiðslu á fiskimjöli er engin leið að spá; okkur hefur ekki einu sinni tekizt að fá vitneskju um heildarvinnslu fiskimjöls á Suðvesturlandi undanfarin ár. Verður hér reiknað með, að raforkunotkun fiskimjölsverksmiðju verði um $1/3$ af raforkunotkun frystihúsa á hverjum tíma, eða svipað hlutfall og nú er. Tafla XV sýnir spána.

Eins og sést af framanskráðu er hér um lauslegan spádóm að ræða. Allmikil vinna hefur verið lögð í söfnun upplýsinga um raforkunotkun fiskiðnaðarins. Var talið, að það væri réttlætanlegt sökum mikilvægis fiskiðnaðarins í þjóðarbúskap okkar. Niðurstöðurnar eru, svo sem sjá má í viðbæti I, óákveðnar. Ákveðnari niðurstöður verða varla fengnar nema með mælingum. Væri æskilegt að slíkar mælingar yrðu gerðar. Var rætt um þetta við Gísla Hermannsson, verkfræðing hjá Söllumstöðinni, sem lét í ljós áhuga á máli þessu og bauðst til að greiða fyrir slíkum mælingum. Metti þá mæla sérstaklega raforkunotkun til ljósa, smávæla, frystingar og viðhalds. Mælingin þyrfti að ná yfir nokkurn tíma og æskilegt væri að mælt yrði í meira en einu frystihúsi. Mæling í einu frystihúsi myndi þó gefa mikilvægar vísendingar, einkum ef um væri að ræða nýttizku frystihús.

5. Annar iðnaður

Undir þessum lið eru taldar margvíslegar iðngreinar, svo sem járnsmiði, trésmiði, ýmis konar matvæla- og drykkjar^{vöru}iðnaður, ~~vöruiðnaður~~ o. fl. Utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar er notkun þessa iðnaðar yfirleitt lítil hluti heildarnotkunarinnar (7-12 o/o) en í Reykjavík og Hafnarfirði mun hærri (20-25 o/o). Sökum þess, hve iðngreinar þessar eru margvíslegar, en sama og ekkert vitað um sérnotkun (spesifikka notkun) þeirra hverrar um sig, er ekki hægt að koma formúlu Velanders við. Gerð var tilraun til þess að nota tryggðar vinnu~~veita~~^{vikur} í iðnaði sem neytlueiningu, en það gafst ekki vel. Ekkert er til í skýrslum um raforkunotkun mismunandi iðngreina. Á þessu stigi málsins er því eigi unnt að gera annað en að gizka á orkunotkun iðnaðarins. Von er á nýjum iðnaðarskýrslum í haust, en okkur hefur verið tjáð, að í þeim muni lítið verða um raforkunotkun. Bryna nauðsyn ber til að þessi mál komist í betra horf og er það í rauninni ekki vanzalaust að ekkert sé vitað um raforkuþörf iðnaðarins og atvinnuveganna yfirleitt. Í símtali lét forstjóri Iðnaðarmálastofnunar Íslands í ljós áhuga á úrbótum í þessu efni og viljum við undirritaðir gera það að tillögu okkar, að "spesifikk" raforkunotkun ýmissa iðngreina verði sem allra fyrst tekin til ýtarlegrar rannsóknar í samvinnu við forystumenn í iðnmálum.

Til þess að ágizkun okkar um orkunotkun iðnaðarins fái nokkurn stuðning af mannfjöldaspá okkar, höfum við gert tilraun til að áætla atvinnuskiptingu íbúanna í Reykjavík, Hafnarfirði og nágrenni árið 1960 og 1970 með hliðsjón af atvinnuskiptingu árin 1930, 1940 og 1950. Er þetta sýnt á töflu XVI. Á töflu XVII er svo hin ágizkaða notkun sýnd. Ágizkunin um notkunina utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar er algert slump.

6. Landbúnaður

a) Búnotkun. Sem stendur er raforkunotkun í íslenskum landbúnaði einskorðuð við súgþurrkun. Auk súgþurrkunar virðist mjög koma til greina að nota raforku til

- 1) Hitunar á vatni, bæði drykkjarvatni handa gripum og vatni til þvotta á mjólkurílátum og júgrum á kúm.
- 2) Kælingar á mjólk.
- 3) Mjaltavéla.

Auk þess kemur til greina loftræsting á gripahúsum, flutningur á fæðri og húsdýraáburði (færibönd) en ekki þykir ástæða til að taka tillit til þess hér.

Í sveitum erlendis er raforka víða notuð til að dæla vatni, bæði neyzluvatni og vatni til áveitu. Hér á landi er óvíða um slíkt að ræða og þykir því heldur ekki ástæða til að reikna með slíkri notkun.

Hér verður því aðeins reiknað með tænni konar búnotkun; til súgþurrkunar og til vatnshitunar o. fl. í fjósum. Sem neyzlueiningar virðist eðlilegt að velja 1 tonn af þurrheyi (einnig mætti nota heyhest, sem er 10 sinnum minni eining) fyrir súgþurrkun og 1 mjólkurkú ^{eða einn grip} fyrir aðra búnotkun. Í viðbæti II er gerð grein fyrir notkuninni pr. neyzlueiningu. Í töflu XVIII er sýnd spá um heyfeng og nautgriparsækt á Suðvesturlandi. Er sú spá gerð með hliðsjón af áætlun þeirri um þróun landbúnaðarins fram til 1960, sem birtist í riti Framkvæmdabankans "Úr þjóðarbúskapnum", nr. 2, 1956, og einnig með hliðsjón af mann-fjöldaspá okkar. Loks sýnir tafla XVIII þátttökustuðulinn $p(t)$ og intensitetsstuðulinn i (sbr. viðbæti II) og raforkunotkunina.

b) Almenn heimilisnotkun. Í viðbæti III eru töflur yfir raforkunotkun eftir gjaldskrálið B_1 í Árnesveitu, Rangárvalla-veitu, Borgarfjarðarveitu og Eyjafjarðarveitu. Á línuriti V er sýnd meðalnotkun pr. býli og ár hjá Árnes- og Rangárvallaveitum árin 1951-1954. Þessar tvær héraðsveitur voru valdar vegna þess að þær eru elztar héraðsrafmagnsveitna. Jafnframt er sýnt, hvornig við áætlum aukningu notkunarinnar fram til 1970. Er

reiknað með, að notkunin verði þá komin upp í 5000 kWh/býli, ár. Með ca 7 manns á býli, sem er svipað og nú er í sveitum Suðvestanlands, svarar þetta til 715 kWh/mann, ári. Til samanburðar er áætlun okkar fyrir kaupstaði og kauptún 900 kWh/mann, ári. Af því fara sennilega 150 kWh/mann, ár til lýsingar utan heimila. Eftir verða þá 750 kWh/mann, ár í eiginlega heimilisnotkun.

Í töflu XIII (B) er áætlun um rafvædd býli og býli alls fram til 1970. er hún gerð með hliðsjón af 10 ára áætluninni og upplýsingum landnámsstjóra varðandi væntanlegan fjölda nýbýla á Suðvesturlandi. Er reiknað með, að ~~ei~~ngin nýbýli verði reist utan samveitusvæðisins.

Á línuriti VI er sýnt, hve mikill hluti býlanna muni verða tengdur samveitunni, skv. töflu XIII. Á sama línuriti er sýnd ágizkun um þátttökustuðul, $p(t)$, vegna súgþurrkunar og vatns-hitunar í gripahúsum.

c) Húshitun. Áætlunin mun vera, að ^ufullnægja húshitunarþörfinni í sveitum með raforku í vaxandi mæli, að svo miklu leyti sem afltoppurinn vegna súgþurrkunar og heimilisnotkunar leyfir, þannig að kerfin verði nýtt sem best allan ársins hring. Er hin nýja gjaldskrá héraðsrafmagnsveitna ríkisins frá 1955 við þetta miðuð. Með tilliti til þess, að raforkunotkun til húshitunar á Suðvesturlandi var áætluð mjög lauslega hér að framan, þykir ekki ástæða til að orðlengja um húshitun í sveitum sérstaklega, þar eð hún er í rauninni meðtalin í ágizkuninni hér að framan (tafla XIV).

Lokaorð

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir hverjum einstökum lið í endurskoðuninni og spádómur um orkuþörf hvers og eins til 1970 settur fram.

Í töflu XIX eru niðurstöðum hinna einstöku liða raðað eftir árum, samlagning gefur svo áætlaða heildarraforkunotkun á Suðvesturlandi. Á línuriti VII eru svo teiknaðar kúrfur samkvæmt töflu XIX. Línuritinu er stillt þannig upp, að neðst eru settir þeir liðir, sem við teljum ónákvæmnina minnsta á.

Við samanburð þessa endurskoðaða spádóms við hinn upprunalega sést, að munurinn, þ.e. hve sá endurskoðaði er lægri, liggur að mestu í breytingu á húshituninni, sem hér er sett 73,0 GWh 1970 á móti 141,5 GWh árið 1970 í upprunalega spádómnum, eða 68,5 GWh minni. En munurinn á heildarniðurstöðutölunum er 420,1 - 331,3 = 88,8 GWh.

Hér skal það látið ósagt hvort niðurstöður hins endurskoðaða spádóms eru nokkuð réttari en niðurstöður hins upprunalega spádóms, en að lokum aðeins bent á hvað prófessor Edy Velander, sem áður hefir verið vísað í, segir í inngangi greinar sinnar um orkuneyzluspár, sem skrifuð var fyrir 5. þing alþjóðaorkumálaráðstefnunnar í Wien 1956, (Section B, Paper 72 B/6):

"The short-cut method, as often used, of making a prognosis by exponential extrapolation of the time curve of grand total consumption of energy for all types of consumers is false in principle and dangerous in practice."

Og "A prognosis must be built up from a great number of estimated curves for well-defined, reasonably homogeneous sectors of electrical appliance utilization in different stages of development and these curves must be computed from statistical data obtained by analysis for each section of specific consumption, maximum possible number of consumption units, probable number of participating units in relation to time, etc."

Það skal að lokum tekið fram, að í orkuneyzluspánni eru töp hvergi meðtalin.

Reykjavík í nóv. 1956

Tafla I

Sundurliðun raforkunotkunar í Reykjavík
og nágrenni 1940 - 1954.

	40	41	42	43	44	45	46	47	48	49	50	51	52	53	54
Lýsing og heimilisnotkun	14,78	19,27	25,02	32,84	35,30	38,93	45,00	43,63	44,90	44,90	45,11	46,55	52,45
Húshitun	"	1,24	2,48	3,75	4,56	4,70	6,00	7,00	8,00	10,56	13,00	14,20	11,80	14,80	16,00
Iónaður og önnur notkun	"	5,48	6,73	8,28	8,56	14,40	15,42	15,00	16,37	20,30	27,60	28,65	29,55
Samtals	GW/h	21,50	28,48	37,05	45,96	47,00	50,00	57,00	63,00	70,56	73,00	79,40	84,51	90,00	98,00
fbúafjöldi		39695	41182	42440	44298	45949	48446	51247	54167	57787	59430	61180	62749	64743	67656
Lýsing + heimilislisn. á íbúa, kWh		370	460	590	740	650	690	780	740	730	720	720	770

Tafla II

Sundurliðun raforkunotkunar í
Hafnarfirði 1940 - 1954.

	40	41	42	43	44	45	46	47	48	49	50	51	52	53	54	55
Lýsing & heimilisnotkun	GWh 1,00	2,96	3,45	3,86	3,95	4,03	4,43	4,43	4,45	4,58	4,80	
Húshitun	" 0,54	2,04	3,46	4,85	5,55	6,09	6,00	6,46	6,55	7,58	8,00	
Fiskiðnaður	"	1,06	1,04	1,29	1,21	1,22	0,98	1,67	1,64	1,89	} 4,20	
Annar iðn. og ýms önnur notk.	" 0,73	0,60	0,84	1,02	1,01	1,12	1,92	1,88	1,46	1,47		
Samtals	GWh 2,27	6,66	8,79	11,02	11,72	12,46	13,33	14,44	14,10	15,52	17,00	
Íbúafjöldi	3858	3908	4074	4149	4284	4502	4722	4865	4978	5208	5377	5484	5620	5810	6158	
Lýsing + heimilisnotkun á íbúa, kWh	260	660	730	790	790	770	820	810	790	790	780	
Ísframleiðsla, kWh	0,62	0,60	0,43
Ísframleiðsla, tonn	7500	7000	5870
Ísframl., kWh/tonn	82	86	73
Fiskiðnaður + ísfrl. kWh	1,27	3415	
Fiskiðnaður, tonn	372		
Fiskiðn., kWh/tonn			

TAFLA III

Sundurlíðun raforkunotkunar í Reykjavík
og Hafnarfirði 1940 - 1954.

	1940	1941	1942	1943	1944	1945	1946	1947	1948	1949	1950	1951	1952	1953	1954
Lýsing & heimilisnotkun GWh	15,78	39,16	42,88	49,03	48,06	49,33	49,56	51,13	57,25	
Húshitun "	1,78	12,85	14,20	16,65	19,00	20,66	18,35	22,38	24,00	
Fisklónaður "								7,52	6,79	9,20	9,20				
Annar iónaður og önnur notkun "								16,33	23,91	22,81	24,55				
Samtals GWh	23,77	68,72	74,72	83,02	86,33	93,84	98,61	105,52	115,00	
Íbúafjöldi	43553	45090	46514	48447	50233	52948	55969	59032	61083	62995	64807	66664	68369	70553	73814
Lýsing + heim.-notkun á íbúa, kWh	360	660	700	780	740	740	730	730	775	

Tafla IV

Sundurliðun raforkunotkunar í Keflavík
1948 - 1954

	1948	1949	1950	1951	1952	1953	1954
Lýsing og heimilisnotkun	1,20	1,33	1,60	1,74	1,90	2,14	2,58
Húshitun	0,45	0,50	0,43	0,66	0,74	0,81	1,12
Fiskiðnaður	1,23	1,43	1,45	1,48	1,45	1,38	1,87
Annar iðnaður og ýms önnur notkun	0,22	0,14	0,12	0,21	0,16	0,36	0,24
Samtals	3,10	3,40	3,60	4,09	4,25	4,69	5,81
Íbúafjöldi	2067	2157	2383	2511	2630	2958	3452
Lýsing + heimilisnotkun á íbúa, kWh	580	620	670	690	720	720	750
Fiskframleiðsla, tonn	4262	4191
Notkun fiskiðnaðar, kWh/tonn	324	447

Tafla VI

Sundurliðun raforkunotkunar í
Sandgerði 1949-1955.

	1949	1950	1951	1952	1953	1954	1955
Lýsing + heimilisnotkun							
Húshitun							
Fiskiðnaður							
Annar iðnaður og önnur notkun							
Samtals							
Íbúafjöldi							
Lýsing + heimilisnotkun á íbúa, kWh							
Fiskframleiðsla, tonn							
Notkun fiskiðn., kWh/tonn							
	GWh						
	"	"	"	"	"	"	"
	0,29	0,32	0,37	0,41	0,46	0,43	0,43
	0,22	0,37	0,41	0,30	0,32	0,35	0,35
	0,44	0,46	0,47	0,56	0,50	0,59	0,59
	0,03	0,05	0,07	0,07	0,05	0,03	0,03
	0,98	1,20	1,32	1,34	1,33	1,40	1,40
	586	628	677	709	751	764	764
	490	510	550	580	610	560	560
	1312	2044	2044
	380	288	288

Tafla VII

Sundurliðun raforkunotkunar í
Gerðahreppi 1947 - 1954.

	1947	1948	1949	1950	1951	1952	1953	1954
Lýsing + heimilisnotkun, GWh	0,13	0,24	0,24	0,24	...	0,28	0,30	0,38
Húshitun	0	0,07	0,11	0,11	...	0,09	0,13	0,16
Fiskiðnaður	0,04	0,19	0,20	0,19	...	0,24	0,28	0,29
Annar iðnaður og önnur notkun	0	0	0,01	0,06	...	0	0	0,05
Samtals	0,17	0,50	0,56	0,60	...	0,61	0,71	0,88
Íbúafjöldi	490	486	523	510	500	515	551	571
Lýsing + heimilisnotkun á íbúa, kWh	270	490	460	470	...	540	545	620
Fiskframleiðsla, tonn,	763	953
Notkun fiskiðnaðar, kWh/tonn	367	305

Tafla VII

Sundurliðun raforkunotkunar

Keflavík, Njarðvík, Gerðahreppi og Sandgerði 1949-1954.

	1949	1950	1951	1952	1953	1954
Lýsing og heimilisnotkun	GWh 2,17	2,49	...	3,00	3,39	
Húshitun	" 0,91	1,07	...	1,28	1,53	
Fisklönaður	" 2,41	2,74	...	2,97	2,90	
Annar iónaður og önnur notkun	" 0,21	0,28	...	0,37	0,51	
Samtals	" 5,70	6,58	...	7,62	8,33	
Íbúafjöldi	3762	4092	4293	4498	5038	5664
Lýsing + heimilisnotkun á íbúa, kWh	580	610	...	670	675	...

Tafla IX

Sundurlíðun raforkunotkunar á
Akranesi 1948 - 1954.

	49	50	51	52	53	54
Lýsing og heimilisnotkun		1,46	1,56	1,68	1,94	2,07
Húshitun	"	2,31	3,23	3,69	3,95	4,23
Fiskiðnaður	"	0,75	1,03	1,55	2,36	2,80
Annar iðnaður og ýms önnur notkun	"	0,48	1,17	0,88	0,25	0,15
Samtals	"	4,46	6,99	7,80	8,50	9,25
Íbúafjöldi	2540	8577	2649	2737	2921	3135
Lýsing + heimilisnotkun á íbúa, kWh	520	570	590	610	660	660

Tafla X

Sundurlíðun raforku í Borgarnesi
1949 - 1954.

	1949	1950	1951	1952	1953	1954	1955
Lýsing og heimilisnotkun	0,44	0,54	0,57	0,56	0,57	0,62	...
Húshitun	0,46	0,91	1,05	1,14	1,32	1,42	...
Fiskiðnaður	-	-	-	-	-	-	...
Annar iðnaður og önnur notkun	0,18	0,19	0,21	0,18	0,19	0,18	...
Samtals	1,08	1,64	1,83	1,88	2,08	2,22	...
Íbúafjöldi	716	740	761	795	771	771	771
Lýsing og heimilisnotkun á íbúa, kWh	615	730	750	705	740	805	...

Tafla XI

Sundurliðun raforkunotkunar á

Selfossi 1948 - 1955.

	1948	1949	1950	1951	1952	1953	1954	1955
Lýsing og heimilisnotkun								
Húshitun	GWh 0,48	0,52	0,62	0,61	0,62	0,67	0,77	0,89
Iðnaður og önnur notkun	" 0,11	0,13	0,18	0,17	0,20	0,19	0,21	0,25
Samtals	" 0,15	0,22	0,30	0,44	0,51	0,55	0,66	0,74
Íbúafjöldi	0,74	0,87	1,10	1,22	1,33	1,41	1,64	1,88
Lýsing og heimilisnotkun á íbúa, kWh	879	902	967	1034	1062	1151	1253	1339
	540	580	640	590	585	580	615	665

Tafla XII

Sundurliðun raforkunotkunar í
Hveragerði 1950 - 1955.

	1950	1951	1952	1953	1954	1955
Lýsing og heimilisnotkun	GWh 0,21	0,24	0,23	0,27	0,27	0,29
Húshitun	" -	-	-	-	-	-
Iónaður og önnur notkun	" 0,12	0,10	0,10	0,10	0,11	0,14
Samtals	" 0,33	0,34	0,33	0,37	0,38	0,43
Íbúafjöldi	514	525	549	565	525	559
Lýsing og heimilisnotkun á íbúa, kWh	410	460	420	480	515	520

Spá um raforkunotkun til almennra heimilisnota og lýsingar á Suð-Vesturlandi 1955-1970.

A. Kaupstaðir og kauptún.

Ár	Reykjav. & nagr. Hafnarfjörður		Reykjanes		Vestmannaeyjar		Kaupturn Austan-fjalls		Akranes & Borgarnes		Snæfellsnes								
	Mann-fj.	Notk. kWh/ mann GWh	Mann-fj.	Notk. kWh/ mann GWh	Mann-fj.	Notk. kWh/ mann GWh	Mann-fj.	Notk. kWh/ mann GWh	Mann-fj.	Notk. kWh/ mann GWh	Mann-fj.	Notk. kWh/ mann GWh							
1955	75700	783	59,5	7500	720	5,4	4100	720	3,0	3400	665	2,3	4029	720	2,9	2078	720	1,5	74,6
1956	78000	790	61,6	7750	740	5,7	4160	740	3,1	3500	720	2,5	4150	750	3,1	2110	750	1,6	77,6
1957	80300	798	64,2	7950	760	6,1	4220	760	3,2	3610	760	2,8	4280	780	3,3	2150	780	1,7	81,3
1958	82700	805	66,5	8200	780	6,4	4290	780	3,3	3720	804	3,0	4420	804	3,5	2190	804	1,8	84,5
1959	85200	813	69,3	8450	800	6,8	4350	800	3,5	3830	812	3,1	4540	812	3,7	2240	812	1,8	88,2
1960	88000	820	72,2	8700	820	7,1	4420	820	3,6	3940	820	3,2	4680	820	3,8	2290	820	1,9	91,8
1961	90500	828	74,9	8950	828	7,4	4490	828	3,7	4060	828	3,4	4820	828	4,0	2340	828	1,9	95,3
1962	93200	836	78,0	9250	836	7,7	4550	836	3,8	4180	836	3,5	4960	836	4,2	2390	836	2,0	99,2
1963	96000	844	81,1	9500	844	8,0	4620	844	3,9	4310	844	3,7	5100	844	4,3	2440	844	2,1	103,2
1964	99000	852	84,5	9800	852	8,4	4700	852	4,0	4440	852	3,8	5260	852	4,5	2490	852	2,1	107,3
1965	102000	860	87,7	10100	860	8,6	4770	860	4,1	4580	860	3,9	5420	860	4,7	2540	860	2,2	111,2
1966	105000	868	91,2	10400	868	9,0	4830	868	4,2	4720	868	4,1	5580	868	4,8	2590	868	2,3	115,6
1967	108000	876	94,8	10700	876	9,4	4910	876	4,3	4850	876	4,2	5750	876	5,0	2640	876	2,3	120,0
1968	111300	884	98,5	11000	884	9,7	4980	884	4,4	5000	884	4,4	5920	884	5,2	2695	884	2,4	124,6
1969	114500	892	104,4	11350	892	10,1	5050	892	4,5	5150	892	4,6	6100	892	5,4	2750	892	2,5	131,5
1970	118000	900	106,4	11700	900	10,5	5130	900	4,6	5300	900	4,8	6280	900	5,6	2800	900	2,5	134,4

Tafla XIII (framh.)

Spá um raforkunotkun til almennra heimilis-
nota og lýsingar á Suð-Vesturlandi 1955-1970.

B. Sveitir.

Ártal	A l m e n n h e i m i l i s n o t k u n s v e i t a b ý l a				Raforku- notkun GWh	A + B Samtals GWh
	Rafvædd býli í árslok	Býli alls í árslok	Rafvædd býli %	kWh býli		
1955	570	2200	25,9	3200	1,83	76,4
1956	746	2230	33,5	3310	2,47	80,1
1957	860	2260	38,0	3430	2,95	84,3
1958	993	2295	43,2	3550	3,53	88,0
1959	1088	2330	46,7	3670	4,00	92,2
1960	1182	2365	50,0	3790	4,49	96,3
1961	1283	2400	53,5	3900	5,02	100,3
1962	1360	2435	55,9	4030	5,50	104,7
1963	1453	2475	58,8	4150	6,05	109,3
1964	1545	2515	61,5	4260	6,60	113,9
1965	1635	2555	64,0	4380	7,16	118,4
1966	1695	2595	65,4	4500	7,65	123,3
1967	1755	2635	66,7	4620	8,13	128,1
1968	1820	2680	68,0	4740	8,65	133,3
1969	1885	2725	69,2	4850	9,15	140,7
1970	1950	2770	70,5	5000	9,75	144,2

Tafla XIV

Ágizkun um raforkunotkun til húsitunar á Suðvesturlandi 1956-1970.

1955	36.2	GWh
1956	38,0	-
1957	39,8	-
1958	41,6	-
1959	43,6	-
1960	45,7	-
1961	47,9	-
1962	50,0	-
1963	52,5	-
1964	55,0	-
1965	57,9	-
1966	60,5	-
1967	63,5	-
1968	66,5	-
1969	69,7	-
1970	73,0	-

Tafla XV

Raforkunotkun fiskiðnaðar á Suðvesturlandi 1955-1970.

Ár	Fjöldi frystihúsa	Meðalvinnsla á frystihús, tonn	Heildarvinnsla, tonn, fiski	Raforkunotkun GWh
1955	30	940	29300	14,9
1956	30	970	29200	15,1
1957	31	1000	31000	15,7
1958	32	1030	33200	16,5
1959	34	1060	36000	17,7
1960	34	1090	39400	18,4
1961	38	1120	42600	20,3
1962	38	1150	43800	20,6
1963	38	1180	45000	20,9
1964	39	1210	47300	21,6
1965	39	1240	48500	21,9
1966	40	1270	50900	22,7
1967	40	1300	52000	22,9
1968	41	1330	54600	23,8
1969	42	1360	57200	24,6
1970	42	1390	58500	25,0

Raforkunotkun á frystihús ^(MWh) $178,66 + 0,1374 \times$ meðalvinnsla.

Bætt er við 20% vegna ísframleiðslu og þar við 33% vegna fiskimjölsverksmiðju.

Table XVI

Atvinnuskipting Reykvíkinga árin 1930, 1940 og 1950 og
 áætluð atvinnuskipting íbúanna á svæðinu Hafnarfjörður
 - Kjalarnes árin 1960 og 1970

Atvinnugrein	1930		1940		1950		1960		1970	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Landbúnaður	680	2,4	572	1,5	581	1,0	700	0,8	700	0,6
Fiskveiðar	3520	12,4	3531	9,2	3533	6,3	5000	5,7	6000	5,1
Iónaður, annar en fiskiðnaður	5040	17,9	7341	19,3	13218	23,5	23000	26,1	35000	29,6
Fiskiðnaður	1056	3,7	500	1,3	948	1,7	1500	1,7	2000	1,7
Byggingar & vegagerð	2780	9,8	4839	12,6	6978	12,4	10000	11,4	13000	11,0
Rafmagns-, gas- og vatnsveitur	78	0,3	418	1,1	1344	2,4	2000	2,3	3000	2,5
Verzlun	4088	14,4	5119	13,4	7726	13,7	12800	14,5	16000	13,6
Samgöngur	4239	14,9	5835	15,3	7147	12,7	10000	11,4	12000	10,2
Þjónustustörf	4898	17,3	6867	18,0	9970	17,7	16000	18,2	21000	17,8
Ótilgreind atv.	101	0,4	10	0,0	655	1,2	1000	1,1	1300	1,1
Eignir og opinber framfærsla	1824	6,5	3164	8,3	4151	7,4	6000	6,8	8000	6,8
Samtals	28304	100,0	38196	100,0	56251	100,0	88000	100,0	118000	100,0

Tafla XVII

Raforkunotkun til iðnaðar, annars en fiskiðnaðar
og elektro-kemisks iðnaðar

Ár	Suðvesturl. + (Reykjavík + Hafnarfj.) GWh	Reykjav., Hafnarf. GWh	Samtals GWh
1951	2,1	16,33	18,4
1952	2,3	23,91	26,2
1953	1,9	22,81	24,7
1954	1,8	24,55	26,4
1955	1,9	26,0	27,9
1956	2,1	27,9	30,0
1957	2,2	29,8	33,0
1958	2,4	31,9	34,3
1959	2,6	34,0	36,6
1960	2,8	36,1	38,9
1961	3,0	38,6	41,6
1962	3,2	41,1	44,3
1963	3,5	44,0	47,5
1964	3,8	47,0	50,8
1965	4,1	50,0	54,1
1966	4,4	53,5	57,9
1967	4,8	57,0	61,8
1968	5,2	61,0	66,2
1969	5,6	65,0	70,6
1970	6,0	70,0	76,0

Spá um heyfeng og nautgriparékt landbúnaðarins á SV-landi 1955-1970
og notkun raforku í þessari framleiðslu

Ártal	Íb. f. j. á SV-landi	HEYÖFLUN OG RAFORKUNOTKUN VEGNA HENNAR						OG NAUTGRIPARÉKT OG RAFORKUNOTKUN VEGNA HENNAR						Raforku- notkun land- búnaðarins GWh	
		Vothey Purrhey		Hey- fengur		P %	i %	Mjólkur		Nautgr.		P %	i %		Raforku- notkun GWh
		tonn	tonn	tonn	tonn			kýr tala	neyti tala	Samt. tala	Samt. tala				
1955	112.000	11200	71000	83200	5,5	53	0,31	17750	6450	24200	0	0	0	0,31	
1956	116.000	19800	115400	135200	4,5	53	0,41	18150	5750	23900	0	0	0	0,41	
1957	119.000	22200	119300	141500	7,5	53	0,71	18750	7050	25800	0,5	20	0,01	0,72	
1958	122.000	24900	123000	147900	11,5	54	1,13	19300	7400	26700	1,0	30	0,03	1,16	
1959	126.000	27900	127900	155800	15,0	54	1,66	19900	8900	28800	1,5	40	0,06	1,72	
1960	129.500	31000	131700	162700	21,0	54	2,24	20400	13600	34000	2,0	50	0,11	2,35	
1961	133.000	35400	132600	168000	26,5	55	2,90	21000	16000	37000	4,0	52	0,23	3,13	
1962	137.000	37200	137800	175000	31,5	55	3,58	21500	17000	38500	6,5	54	0,40	3,98	
1963	141.000	40600	141400	182000	36,5	56	4,34	22100	18000	40100	9,5	56	0,63	4,97	
1964	145.000	44500	145500	190000	41,0	56	5,01	22800	18600	41400	12,5	58	0,89	5,90	
1965	149.000	48500	149500	198000	45,5	57	5,83	23500	19200	42700	16,5	60	1,25	7,08	
1966	153.000	52800	153200	206000	49,0	57	6,42	24100	19800	43900	21,0	62	1,69	8,11	
1967	157.000	57300	156700	214000	52,5	58	7,17	24800	20400	45200	25,0	64	2,18	9,35	
1968	161.000	61700	160300	222000	55,5	58	7,74	25500	20900	46400	30,0	66	2,71	10,45	
1969	165.000	67800	163200	231000	58,0	59	8,39	26200	21400	47600	35,0	68	3,35	11,74	
1970	170.000	72000	168000	240000	60,0	60	9,06	27000	22000	49000	40,0	70	4,06	13,10	

TAFLA XIX

Yfirlitstafla um raforkuneyzsluspá fyrir Suðvesturland
1955 - 1970.


Ár	Almenn heimilisnotkun			Hús- hitun	Fisk- iðnaður	Annar iðnaður	Land- búnaður	Sam- tals
	kaupst. kaupt.	Sveitir	Samt.					
1955	74,6	1,83	76,4	36,2	14,9	27,9	0,31	155,7
1956	77,6	2,47	80,1	38,0	15,1	30,0	0,41	163,6
1957	81,3	2,95	84,3	39,8	15,7	33,0	0,72	173,5
1958	84,5	3,53	88,0	41,6	16,7	34,3	1,16	181,8
1959	88,2	4,00	92,2	43,6	17,7	36,6	1,72	191,8
1960	91,8	4,49	96,3	45,7	18,4	38,9	2,35	201,7
1961	95,3	5,02	100,3	47,9	20,3	41,6	3,13	213,2
1962	99,2	5,50	104,7	50,0	20,6	44,3	3,98	223,6
1963	103,2	6,05	109,3	52,5	20,9	47,5	4,97	235,2
1964	107,3	6,60	113,9	55,0	21,6	50,8	5,90	247,2
1965	111,2	7,16	118,4	57,9	21,9	54,1	7,08	259,4
1966	115,6	7,65	123,3	60,5	22,7	57,9	8,11	272,5
1967	120,0	8,13	128,1	63,5	22,9	61,8	9,35	285,7
1968	124,6	8,65	133,3	66,5	23,8	66,2	10,45	300,3
1969	131,5	9,15	140,7	69,7	24,6	70,6	11,74	317,3
1970	134,4	9,75	144,2	73,0	25,0	76,0	13,10	331,3

1) Stóriðnaður ekki meðtalinn.

Línurit I.

- Hf. Hafnarfjörður
- Rvk. Reykjavík (orkuveitusv. Rafm.v. Rvíkur)
- RH. Reykjavík + Hafnarfjörður
- Kf. Keflavík
- Nv. Njarðvíkur
- Sdg. Sandgerði
- Gh. Gerðahreppur
- RN. Keflavík + Njarðvíkur + Sandgerði + Gerðahr.

kWh/mann, ári



Línurit II


- Bn. Borgarnes
- Ak. Akranes
- AB. Akranes + Borgarnes
- Self. Selfoss
- Hv. Hveragerði

kWh/mann, ári

1000
900
800
700
600
500
400
300
200
100

900
800
700
600
500
400
300
200
100

1940 45 50 55 60 65 70 Ártal




100 000 íbúar

10 000

1000

35 36 37 38 39 40 41 42 43 44 45 46 47 48 49 50 51 52 53 54 55 56 57 58 59 60 61 62 63 64 65 66 67 68 69 70
Ártal



Línurit III.

- A-A : Orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Rafveitu Hafnarfjarðar
- B-B : Kaupún á Reykjaneskaga
- C-C : Akranes + Borgarnes
- D-D : Kaupún austan fjalls
- E-E : Vestmannaeyjar
- F-F : Kaupún á Snæfellsnesi.

S:5 615 A 3
lin. x log
Model 100
ESSELTE
4462

Linurit IV

Raforkumálástjóri

Ágizkun um orkunotkun til
húshitunar á Suðvesturlandi
1951-2000

9/10 '56 5 I. JB

Tnr. 134

B2M-0

Fnr. 3481

2500 GWh/ári

2000

1500

1000

500

Samtals

Jarðhiti

Raforka

Elusneyti

1950

1960

1970


1980

1990

2000

SIS 523 A3
1x1 mm
ESSELTE
4447

SSSLTE



Á Meðaltal fyrir Árnesveitu
 R — " — Rangárvallaveitu
 Á+R Vegið meðaltal af Á og R.

RAFORKUMÁLASTJÓRI


24/10 '56 JB+Sl/IG

Rafvædd býli á Suðvesturlandi í % af heildarbýlafjölda, og þáttökustuðlar vegna súgþurrkunar og vatnshitunar.

Tnr. 138

B2M-0

Fnr. 3494



Línurit VI

S 514 A4
1x1 mm
ESSELTE
4441

Linurit VII


Raforkunotkun á Suðvesturlandi
samkvæmt skýrslum til 1954

Tnr. 137

— " — áætlun 1955-1970.

B2M-0

Fnr. 3493



o - a Heildarorkunotkun á Suðvesturlandi, utan stóriðnaðar

o - e Heimilisnotkun og lýsing

f - e — " — í sveitum

f - d Notkun í sveitum

e - d Búsnotkun

d - c Fiskiðnaður

c - b Annar iðnaður en stóriðnaður

b - a Húshitun

GWh/ár

300

200

100

1946

1950

1955

1960

1965

1970



Raforkunotkun í fiskiðnaði

Sá fiskiðnaður, sem hér verður tekinn til athugunar, er frystihús og fiskimjölsverksmiðjur. Aðrar greinar fiskiðnaðarins, svo sem fiskþurrkun og skreiðarframleiðsla, nota litla raforku miðað við tvær fyrstnefndu greinarnar. Á þessu kann að verða breyting, t. d. ef farið væri að hita þurrkhús með rafmagni, eða ef nýjar greinar fiskiðnaðar koma til sögunnar. Ekki verður þó frekar um það rætt hér, heldur einungis frystihús og fiskimjölsverksmiðjur. Hitun þurrkhúsa með raforku er mál, sem krefst sérstakrar athugunar.

a) Frystihús nota raforku til eftirfarandi:

Ljósa

Frystingar og viðhalds frosts í kæligeymslum
Smávéla (færibönd, þvottavélar; sums staðar
dælur o. þ. h.)

